



## Fundargerð

**484. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, 2. hæð, fimmtudaginn 15. desember 2022, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jansson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

### Fundargerðir til samþykktar

1. 2211003F - Skipulagsnefnd - 180
  - 1.1 2210001 - Fjaðrárgljúfur - óskað eftir breytingu á deiliskipulagi  
**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að staðfest verði heimild fyrir gerð deiliskipulagsbreytingar fyrir Fjaðrárgljúfur.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**
  - 1.2 2211018 - Umsókn um skipulagsmál - breyting á aðalskipulagi  
**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Skipulagsnefnd leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað þar til að heildarendurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031 hefur verið afgreidd og auglýst í b-deild stjórnartíðinda.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**
  - 1.3 2211019 - Fjaðrárgljúfur - breyting á deiliskipulagi  
**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirhugaðar hugmyndir. Skipulagsnefnd vill benda á 33.gr. í lögum um lax- og silungsveiði þar segir "Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi [Fiskistofu]" Skipulagsnefnd óskar eftir að breytt deiliskipulag verði lagt fyrir nefndina að nýju til yfirferðar og auglýsingar.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

BLK

JH AK  
SRI GP



- 1.4 2211020 - Umsókn um skipulagsmál - Tunga breyting á deiliskipulagi  
**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Skipulagsnefnd staðfestir heimild að breyta deiliskipulagi. Skipulagsnefnd heimilar auglýsingu á framlagðri deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsnefnd frestar hins vegar að afgreiða deiliskipulagsbreytinguna eftir auglýsingu þar til heildarendurskoðað Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 hefur verið afgreitt og auglýst í b-deild stjórnartíðinda.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

- 1.5 2211021 - Framkvæmdaleyfi - varnir við Eldvatn

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Skipulagsnefnd samþykkir umsóknina um framkvæmdaleyfi og felur skipulags- og byggingarfulltrú að ljúka málínú.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

- 1.6 2211022 - Framkvæmdaleyfi - Skaftártunguvegur 208-1

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Elín Heiða Valsdóttir vék af fundi sökum vanhæfis undir þessum lið.

Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um framkvæmdaleyfi og felur skipulags- og byggingarfulltrú að ljúka málínú.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

- 1.7 2211023 - Núpar - Fosshótel, lóðarstækkun

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Elín Heiða Valsdóttir kemur aftur til fundar.

Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um stækkun lóðar.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

- 1.8 2211024 - Hæðargarður H8 - lóðarstækkun

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Skipulagsnefnd samþykkir umsóknina.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

- 1.9 2212021 - Hátún - samruni tveggja lóða

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**

Skipulagsnefnd samþykkir umsókn um samruna þessara tveggja lóða. Skipulags- og byggingarfulltrú falið að ljúka málínú.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

Sveinn Hreiðar Jensson, vék af fundi undir þessum lið.

BHS.  
JG. AL  
SNI. GS



- 1.10 2212020 - Geirland - breyting á deiliskipulagi  
**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**  
Skipulagsnefnd tekur jákvætt í hugmyndir að stækkun hótels á Geirlandi. Skipulagsnefnd vill þó benda á að breyta þarf aðalskipulagi svo samræmi sé milli aðalskipulags og fram lagðrar deiliskipulagshugmyndar.  
**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**
- 1.11 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags Skaftárrepps 2019-2031  
**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 180**  
Márgrétt Ólafsdóttir hjá Landmótun fór yfir greinargerð og endanleg viðbrögð við athugasemendum og ábendingum sem bárust á athugasemdatíma. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að heildarendurskoðað Aðalskipulag Skaftárrepps 2019-2031 verði samþykkt og sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og afgreiðslu.  
**Sveitarstjórn frestar málínu í samráði við skipulagsnefnd.**
2. 2212017 - Fjallskilanefnd Skaftártunguafréttar  
*Fundargerð frá 27. nóvember 2022 lögð fram.*  
**Sveitarstjórn Skaftárrepps, samþykkir samhljóða, að leggja til fjármagn vegna viðgerða á Grafarrétt í Skaftártungu, allt að 876.000 kr. á árinu 2023. Er þetta fjármagn tekið af lið 1321/2937.**  
Varðandi 4. lið fundargerðar um smalamenskur á næstu afréttum allt um kring, þá er sveitarstjórn Skaftárrepps, tilbúin til að koma að viðræðum um bætt fyrirkomulag smalana á afréttum. Æskilegt væri að slíkt samtal yrði tekið sem fyrst á nýju ári.  
**Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.**
3. 2212022 - Félags- og skólapjónusta R og V-S  
*Fundargerð 67. fundar stjórnar, frá 6. desember ásamt fjárhagsáætlun ársins 2023 og skiptingu framlaga á milli aðildarsveitarfélaga, lögð fram.*  
**Sveitarstjórn Skaftárrepps staðfestir fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023.**  
**Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.**

BHS  
J.G. H.  
Ski. GES



4. 2212026 - Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla 2022-2026

*Fundargerð 139. fundar rekstrarnefndar, frá 5. desember 2022, lögð fram.*

**Sveitarstjórn tók til sérstakar umfjöllunar liði 3 og 4 í fundargerðinni.**

**Liður 3: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að kanna hvaða breytingar og lagfæringar þurfi að gera á eldhúsi Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, svo að Klausturhólar geti tekið að sér rekstur mótneytis fyrir stofnanir sveitarfélagsins í heild sinni.**

**Liður 4: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að skoða þá kosti að flytja rekstur á þjónustuþúðum við Klausturhóla 1 og 2 undir starfsemi Hjúkrunar- og dvalarheimilis Klausturhóla.**

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

5. 2212013 - Skógasafn

*Fundargerð safnstjórnar frá 28. nóvember 2022 ásamt fjárhagsáætlun ársins 2023, lögð fram.*

**Sveitarstjórn Skaftárrepps staðfestir fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023.**

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

6. 2212012 - Hula bs.

*Fundargerð stjórnar 23. nóvember 2022 ásamt fjárhagsáætlun 2023, lögð fram.*

**Sveitarstjórn Skaftárrepps staðfestir fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023.**

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

**Sveitarstjórn Skaftárrepps, skorar á stjórn Hulu bs. að skoðaður verði sá möguleiki að ráða verkefnastjóra, með því sjónarmiði að Skógasandur verði framtíðar urðunarsvæði þeirra sveitarfélaga sem standa að byggðasamlaginu. Má til fróðleiks benda á byggðasamlagið Norðurá bs., sorpsamlag á Norðurlandi.**

7. 2212025 - Bergrisinn bs.

*Fundargerð aðalfundar frá 15. nóvember 2022 ásamt fjárhagsáætlun 2023 og skýrsla um greiningu á rekstri og stjórnsýslu og tillögur til úrbóta, lagt fram.*

**Sveitarstjórn Skaftárrepps staðfestir fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2023.**

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

BHS  
J.G. AL  
S.H. GES



## 8. 2212004 - Fjallskilanefnd Álftaversafréttar

*Fundargerð frá 6. desember 2022 ásamt fylgigögnum.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða, að leggja til fjármagn vegna viðgerða á réttum og girðingum innan Álftaversafréttar, allt að 250.000 kr. á árinu 2023. Er þetta fjármagn tekið af lið 1321/2937.**

Með vísan til áforma fjallskilanefndar um erindi til Mýrdalshrepps, um framkvæmd smölnunar á vestanverðum Mýrdalssandi þá er sveitarstjórn Skaftárhrepps, tilbún til að koma að slíkum viðraðum. Æskilegt væri að það samtal yrði tekið sem fyrst á nýju ári.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

**Fundargerðir til kynningar**

## 9. 2212014 - Skógasafn

*Fundargerð safnstjómar frá 21. október 2022.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

## 10. 2212011 - Félags- og skólapjónusta R og V-S

*Fundargerð 66. fundar stjórnar.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

## 11. 2212010 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

*Fundargerð 589.fundar stjórnar SASS.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

## 12. 2212032 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

*Fundargerð 590.fundar stjórnar SASS.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

## 13. 2212033 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

*Fundargerð aðalfundar 2022.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

## 14. 2212009 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands

*Fundargerð 222. fundar.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

BHS  
J.G.  
S.M.  
A.G.  
GGS



15. 2212030 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands  
*Fundargerð 223. fundar.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
16. 2212031 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands  
*Fundargerð aðalfundar 2022.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
17. 2212008 - Svæðisskipulag Suðurhálendis  
*Fundargerð 21 fundar, frá 25. október 2022.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

#### Mál til kynningar

18. 2212015 - Katla jarðvangur ses.  
*Skýrsla um Skaftárelldhraun 2022.*  
**Bréf, dagsett 22. september 2022 ásamt skýrslu vegna gróðurskemmda í Skaftáreldhrauni lögð fram til kynningar.**
19. 2212006 - Samband íslenskra sveitarfélaga.  
*Pátttaka og framlög sveitarfélaga til starfræns samstarfs þeirra 2023.*  
**Bréf, dagsett 26. október 2022, ásamt greinargerð um stöðu verkefnisins, lagt fram til kynningar.**
20. 2212003 - Eignarhalsdfélagið Brunabótafélag Íslands  
*Upplýsingar um ágóðahlutagreiðslu vegna ársins 2022.*  
**Bréf, dagsett, 18. október 2022, þar sem fram kemur að hlutdeild Skaftárhrepps sé 0,513% og greiðsla ársins 2022, því 256.000 kr.**
21. 2212028 - Örnefnanefnd  
*Örnefnanefnd, umsögn um nafnið Helgatindur.*  
**Bréf, dagsett, 12. desember 2022, lagt fram til kynningar. Bréfið inniheldur umsögn um nafnið Helgatindur. Örnefnanefnd áréttar að hlutverk hennar samkvæmt 7. gr. laganna er einungis að veita umsögn um nöfn á nýjum náttúrufyrirbærum. Frumkvæði að nafngiftum skal koma frá sveitarfélögum, en endanlega ákvörðun tekur ráðherra (menningar- og viðskiptaráðherra skv. nágildandi stjórnskipun).**

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, fékk sent afrit af bréfi Örnefnanefndar til Skaftárhrepps.

BTS  
JG. H  
Ski. G

**Skýrsla sveitarstjóra**

22. 2212019 - Skýrsla sveitarstjóra 484. fundur

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum eins fram kom á fundinum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skrifstofa Skaftárhrepps verði lokað á milli jóla og nýars, sem sagt 27. 28. 29. 30. desember næstkomandi.**

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

23. 2212007 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Umsagnarbeiðni -tækifærisleyfi-þorrablót 2023.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leyti, með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.**

*Hlé var gert á fundinum klukkan 15:02.*

*Fundi var framhaldið klukkan 15:25.*

24. 2211008 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

*Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi, Selhólavegur 2, lagt fram að nýju.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leyti, með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.**

25. 2212005 - Leikskólinn Kæribær

*Niðurstaða skoðunarkönnunar vegna lokunar milli jóla og nýars, lagðar fram.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir að leikskólanum Kærabæ verði lokað á milli jóla og nýars og að þeir vinnu dagar verði notaðir til styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólk í leikskólans. Jafnframt hvetur sveitarstjórn, stjórnendur leikskólan til að skipuleggja töku vinnuvikustyttingar betur á árinu 2023, þannig að það komi ekki niður á þjónustu við þjónustuþega leikskólans.**

Sveinn Hreiðar Jensson, sat hjá við afgreiðslu málsins og lagði fram eftirfarandi bókun: „*D-listinn og óháðir harma það að leikskólanum Kærabæ verði lokað á milli jóla og nýars sökum ónýttar styttingu vinnuvikunnar sér í lagi þar sem um ræðir 4 virka vinnudaga. Skaftárhreppur er og hefur verið í mikilli sókn, íbúum og ungum börnum hefur farið fjölgandi og atvinnulífið blómstrar. Helstu atvinnuvegir Skaftárhrepps tengjast þjónustustörfum helst ber þar að nefna ferða-, hjúkrunar- og velferðarþjónustu. Ungt fólk og erlend starfsfólk með ung börn sækja í og sinna þessum ofangreindum störfum, ljóst er að mikil álag mun skapast í stuttan tíma vegna aukinnar aðsóknar ferðamanna yfir jól og áramót en einnig vegna starfsmannavöntunar. Flest öll fyrirtæki og stofnanir eru meðalstór og lítil og skiptir því hver starfsmáður miklu máli á álagstímum. Ljóst er að einhverjir starfsmenn hafa ekki stoðnet til að leita*

BTHS  
J.G. AL  
SII: GES



og setja börn í þössun svo það verður jafnvel að taka sér ólaunað frí frá vinnu, sé tekið saman heildarlokun leikskólans þá spannar hún 9 daga sé tekið inní helgar og jólfrafí.

Sé það vilji Skaftárrepps að laða til sín ungt fólk sem vilja stofna fjölskyldur svo hér verði áfram blómlegt og aðlaðandi samfélag til að búa í þá verða grunnstöðir sem þessi að vera í boði fyrir íbúa. D-listinn og óháðir leggur því mikla áherslu á þetta verði ekki raunin að ári.“

Auður Guðbjörnsdóttir, vék af fundi undir þessum lið.

26. 2212002 - Björgunarsveitin Stjarnan

*Beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda árið 2023.*

Sveitarstjórn Skaftárrepps, samþykkir samhljóða að fella niður fasteignagjöld og önnur meðfylgjandi gjöld af fasteigninni, Gröf lóð, F232-5874 sem er í eigu Björgunarsveitarinnar Stjörnunnar. Er kostnaðurinn tekinn af lið: 0789/9921.

27. 2212029 - Björgunarsveitin Stjarnan

*Sótt er um styrk vegna fyrirhugaðar flugeldasýningar um áramót í Skaftártungu.*

Sveitarstjórn Skaftárrepps, samþykkir samhljóða að styrkja Björgunarsveitina Stjörnuna um 150.000 kr. vegna flugeldasýningar um næstkomandi áramót. Er kostnaðurinn tekinn af lið: 0573/4971

28. 2212001 - ADHD samtökin

*Beiðni um styrk fyrir árið 2023.*

Bréf, dagsett, 16. nóvember 2022, lagt fram. Sótt er um styrk að upphæð allt að 500.000 kr.

Sveitarstjórn Skaftárrepps, sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.

29. 2210028 - Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins

Oddviti, lagði fram tillögu að breytingu á samþykkt nr. 1530/2020 um stjórn og fundarsköp Skaftárrepps.

Sveitarstjórn Skaftárrepps, samþykkir samhljóða að vísa framlögðum breytingum á samþykktum sveitarfélagsins til síðari umræðu í sveitarstjórn.

BHS  
JLH  
SHE-GES



## 30. 2212018 - Breytingar á byggðamerki

Oddviti lagði fram lítilsháttar breytingar á núverandi byggðamerki Skaftárhrepps. Byggðamerkinu er meðal annars breytt til að gera það skarpa og litum fækkað. Einfaldar þessi breyting notkun á merkinu til prentunar og framleiðslu á kynningarefni.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingar og að litir byggðamerkisins verði 2 í stað 4 áður. Litir merkisins verða P 307 C100 M20 Y4 K18 og P349 C94 M11 Y84 K43.

## 31. 2212024 - Málefni Eldvilja ehf. og Kirkjubæjarstofu

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Meðal annars greindi sveitarstjóri frá því að fjárhagsstaða Kirkjubæjarstofu væri afar erfið um þessar mundir og væri farin að safna skuldum við Eldvilja ehf., er sú upphæð um 21 milljón nú.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps mun fjalla um það á næstu fundum sínum með hvaða hætti sveitarfélagið geti bjargað rekstri Kirkjubæjarstofu og Eldvilja ehf. Óbreyttur rekstur Kirkjubæjarstofu og Eldvilja ehf. mun ekki ganga til lengdar.

## 32. 2212023 - Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar 2023.

Sveitarstjóri lagði fram gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar Skaftárhrepps. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða fyrirliggjandi gjaldskrá. Jafnframt, samþykkir sveitarstjórn, samhljóða, að starfsmenn sveitarfélagsins sem aðrir þurfi að greiða aðgangseyri að Íþróttamiðstöðinni frá og með 1. desember 2023. Ennfremur samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fela sveitarstjóra að leggja fram reglur um fyrirkomulag aðgengi starfsmanna sveitarfélagsins að íþróttamiðstöðinni.

## 33. 2212027 - Opnunartími Gámvallar.

Sveitarstjóri lagði fram breytingar á opnunartíma Gámvallar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu um opnunartíma.

## 34. 2211015 - Fjárhagsáætlun ársins 2023.

Fjárhagsáætlun ársins, lögð fram til síðari umræðu.

Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2023 og flutti yfirlitsræðu sína.

Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2023.

Rekstur fyrir fjármagnsliði 2023 er áætlaður jákvæður um 45,2. mkr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 31,5 milljónir 2023.

Rekstrarniðurstaða er áætluð jákvæð um 14 milljónir árið 2023.

Veltufé frá rekstri er áætlað um 74 m.kr. 2023.

Gert er ráð fyrir 6,1% meðal-verðbólgu á árinu 2023.

Gert er ráð fyrir 445 m.kr. launakostnaði á árinu 2023.

Tekjur eru áætlaðar um 903 m.kr.

BMS  
J.G.  
S.M. GE  
GGS



Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 50 m.kr. Afborganir langtímalána verði um 26 m.kr. Stefnt er að því að handbært fé verði um 68,5 m.kr. í árslok 2023. Langtímaskuldir munu hækka um 38 m.kr. á árinu.

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 127 m.kr. á árinu 2023. Annað árið í röð þá eru framkvæmdir við Kirkjubæjarskóla, m.a. frágangur að utan og á lóð, stærstu einstöku framkvæmdir sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlun 2023 ber þess merki að nýjar áherslur eru lagðar til við rekstur sveitarfélagsins.

Mörg viðfangsefni bíða sveitarfélagsins í nánustu framtíð og því er mikilvægt að halda vel utan um það sem við höfum, og huga vel að þeim fjárfestingum og þeirri innviðauppbyggingu, sem nauðsynleg er, og fylgir fjölgun íbúa og aukinni atvinnustarfsemi á svæðinu. Við þær aðstæður er óhjákvæmilegt að auka skuldir sveitarfélagsins tímabundið, en það skilar sér fljótt til baka með auknum tekjum, bæði með útsvari, og auknum tekjum af atvinnustarfsemi. Á næstu árum mun sveitarfélagið ráðist í miklar fjárfestingar á íþróttamannvirkjum, leikskóla, grunnskóla, fráveitu, gatnagerð, færslu gamalla húsa og við endurskipulagningu í úrgangsmálum, svo eitthvað sé nefnt, sem og mörg önnur viðhaldsverkefni í sveitarféluginu s.s. við Klausturhóla ofl.þ.h.

Fjárfestingar og rekstur sveitarfélagsins á næstu árum, mun bera þess merki að það eru uppi gjörólikar áherslur í rekstri sveitarfélagsins en á undanförnum árum. Það sést best á því að sveitarfélagið mun ráðstafa mun meira fjármagni til fjárfestinga en áður og nú er lögð meiri áhersla á viðhald fasteigna sveitarfélagsins sem og mörg brýn umhverfisverkefni s.s. uppbygging skólalóðar. Stærsta einstaka fjárfesting næstu ára hjá sveitarféluginu, er færsla leikskólans og uppbygging gatna og íbúðahúsnaðis.

Sveitarstjórn tryggir í fjárhagsáætlun ársins 2023, fjármagn til Kirkjubæjarstofu til að standa straum af launum á nýjum forstöðumanni. Jafnframt er reiknað með því að keypt verði ný slökkvibifreið ef slík bifreið finnst á viðráðanlegu verði erlendis.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhjóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

35. 2211016 - Fjárhagsáætlun áranna 2024, 2025 og 2026.

*Fjárhagsáætlun lögð fram til síðari umræðu.*

Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun áranna 2024, 2025 og 2026. Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2024-2026 kemur fram að reksturinn er í góðu jafnvægi. Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru: Skuldir munu aukast lítilsháttar Framkvæmdir sveitarfélagsins eru áætlaðar um 136 m.kr. á árinu 2024, um 141 m.kr. á árinu 2025 og um 155 m.kr. á árinu 2026.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins árin 2024, 2025 og 2026.

BTH  
JG  
SRI  
AV  
GRS



SKAFTÁRHREPPUR

Oddviti, þakkaði sveitarstjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.  
Sveitastjórn óskar starfsmönnum og íbúum sveitarfélagsins gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 18:34.

Jóhannes Gíssur  
Jóhannes Gissurarson

Gunnar P. Sigmars  
Gunnar Pétur Sigmársson

Sveinn H. Jansson  
Sveinn Hreiðar Jansson

Björn Helgi Snorrason  
Björn Helgi Snorrason

Auður Guðbjörnsdóttir  
Auður Guðbjörnsdóttir